




Brunavarnaráætlun 2008  
Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar



ÍSAFJARÐARBÆR

**Samþykkt:**

Brunavarnaráætlun er gerð samkvæmt ákvæði í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 og tóku gildi 1. janúar 2001. Í 13. grein fyrrnefndra laga segir:

*“Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur umsögn Brunamálastofnunar og samþykki sveitarstjórnar. Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og hjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.*

*Brunavarnaáætlun þessi er unnið samkvæmt leiðbeiningum brunamálastofnunar á gerð brunavarnaáætlana fyrir sveitarfélög.*

Brunavarnaáætlun leggur grunninn að gæðastjórn og úttekt á starfsemi slökkviliðs fyrir þá aðila sem bera ábyrgð á brunavörnum í hverju sveitarfélagi. Áætlunin auðveldar einnig íbúum sveitarfélagsins að fá upplýsingar um skipulag slökkviliðs og markmið með rekstri þess í sveitarfélaginu.

Ísafjarðarbær.

1.12.2008

Samþykkt

  
fh. Ísafjarðarbær

Samþykkt

  
fh. Brunamálastofnunar

Samþykkt

  
fh. Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar

## Markmið.

Leiðarljós SÍ með þessari brunavarnaáætlunar er að uppfylla markmið laga um brunavarnir nr.75/2000:

*“Að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja fullnægjandi eldvarnareftirlit og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi á sínu þjónustusvæði.”*

Markmið brunavarnaáætlunar er því eins og segir í 1. mgr. 13. gr. Laga um brunavarnir nr.75/2000,:

*Að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.*

Jafnframt er eitt af megin markmiðunum SÍ með þessari brunavarnaáætlun að skilgreina fyrir íbúum þjónustusvæðisins á aðgengilegan máta hvaða þjónustustig er veitt og hvernig.

## **Gerð og endurskoðun brunavarnaáætlunar.**

Samkvæmt lögum brunavarnir nr. 75/2000 16. gr. 5. mgr. segir

*“Slökkviliðsstjóri vinnur brunavarnaáætlun, sbr. 13. gr., á starfssvæði sínu og leggur hana fyrir sveitarstjórn.”*

Brunavarnaáætlun þessi er unnin af slökkviliðsstjóra SÍ eftir leiðbeiningum sem Brunamálastofnun gefur út.

Við gerð brunavarnaáætlunar á að gera áhættumat, bæði við venjulegar aðstæður og almannavarnaáðstæður, sem er mikilvægt upphafsgildi þegar brunavarnaáætlun er samin eða endurskoðuð. Ekki er til áhættumat fyrir svæðið í heild sinni en öðrum vinnuaðferðum beitt.

Ein helsta forsenda fyrir brunavarnaáætlun er að gerðar verði viðbragðsáætlanir (t.d.

slökkvíáætlanir og mengunavarnaáætlanir) a.m.k. yfir alla stærstu og erfiðustu áhætturnar á svæði slökkviliðsins.

Niðurstöður úr þessum áætlunum eiga m.a. að leiða í ljós hvort;

- tækjakostur slökkviliðsins sé nægjanlegur,
- fjöldi slökkviliðsmanna, geta þeirra og menntun, sé nægjanleg,
- nægjanlegt slökkvivatn sé fyrir hendi,
- slökkvistöðvar slökkviliðsins uppfylli þarfir liðsins
- Komi í ljós að úrbóta sé þörf geta aðgerðir falist í að;
- endurnýja eða fjölga slökkvibílum, slökkvidælum eða bæta annan tækjakost slökkviliðsins,

- bæta aðstöðu slökkviliðsins, fjölga í slökkviliðinu, auka menntun og þjálfun slökkviliðsins eða setja upp bakvaktir eða fastar vaktir,
  - tryggja aðstoð, t.d. frá öðru slökkviliði eða björgunarsveit, með samstarfssamningum,
  - auðvelda vatnsöflun í sveitarfélaginu, t.d. með fjölgun brunahana,
  - gera áætlun um endurnýjun og afskriftir á búnaði slökkviliðsins.
- Brunavarnaráætlunin á einnig að skilgreina hvað sé eðlilegt rekstararfé fyrir SÍ. Gera þarf skrá yfir búnað slökkviliðsins og ákveða afskrifareglur sem gefa vísbendingu um fjárhæð sem árlega er nauðsynleg til að halda tækjabúnaði í horfinu.

### **Forsendur fyrir brunavarnaáætlun má einnig finna í;**

- öðrum áætlunum fyrir slökkvilið í sveitarfélaginu og nærliggjandi sveitarfélögum,
  - áætlunum fyrir umhverfis- og skipulagsmál í sveitarfélaginu og nærliggjandi sveitarfélögum
  - öðrum gögnum, svo sem lögum, reglugerðum og samningum sveitarfélaga.
- Helstu breytingar á starfsvæði SÍ, sem áhrif hafa á starfsemi þess, eru fyrirsjáanlegar innan næstu fimm ára koma fram í brunavarnaráætluninni.

Endurskoðun brunavarnaráætlunar

Brunavarnaráætlun þarf að endurskoða a.m.k. á fimm ára fresti frá því að hún er samþykkt, eins og fram kemur í 13.gr.laga um brunavarnir:

*“Brunavarnaráætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnu frá því að hún hlaut samþykki”*

Ef veigamiklar breytingar eru gerðar á gildandi brunavarnaráætlun skal hún endurskoðast þrátt fyrir að ekki séu liðin fimm ár frá samþykkt hennar.

### ***Samráð við gerð brunavarnaáætlunar.***

Eftirtöldum aðilum var gefin kostur á að koma á framfæri atriðum sem nýst geta við gerð brunavarnaráætlun Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar.

- Almannavarnir Ísafjarðarbæjar
- Brunamálastofnun
- Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar
- Heilbrigðisstofnun Ísafjarðar
- Neyðarlínan
- Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar

## 1. Áhættumat.

Einföld skilgreining á áhættu er margfeldi líkinda á og afleiðinga af einstökum atburði, þ.e.a.s. samkvæmt sambandinu

$$\text{Áhætta} = \text{líkindi} \times \text{afleiðing}$$

Í flestum tilfellum er áhættugreining byggð á huglægu mati, þekkingu og reynslu slökkviliðs ísafjarðarbæjar, en ekki byggt á tölfræði og útreikningi. Í einstaka tilfellum gæti þó þurft að kveða til sérfræðinga til að vinna slíkt áhættumat. Mikilvægt er að hefja vinnu við samræmt áhættumat á starfssvæði SÍ á næstunni og verður lokið fyrir árslok 2007. Mengunar- og slökkvíáætlanir verða að vera til fyrir allar stærri áhættur innan starfssvæðisins.

Áhætta á starfssvæði SÍ eru mismunandi og hafa verður í huga stærð og getu slökkviliðsins á viðkomandi stað, tækjakost og reynslu slökkviliðsmanna á hverjum stað fyrir sig. Þó ber að taka fram að SÍ er ein heild og kemur fram sem eitt afl.

## Þær byggingar sem teljast til stærri áhættina á starfssvæði SÍ.

### *Ísafjörður:*

- *Grunnskólinn á Ísafirði*
- *Heilbrigðisstofnunin á Ísafirði*
- *Hlíf Íbúðir aldraðra*
- *Hótel Ísafjörður*
- *Hraðfrystihúsið Gunnvör*
- *Jarðgöng undir Breiðadals- og Botnsheiði*
- *Menntaskólinn á Ísafirði*
- *Skipanaust EHF.*
- *Vestra bygging*

### *Flateyri:*

- *Fiskvinnslan Kambur.*
- *Grunnskólinn.*
- *Elliheimilið*

### *Suðureyri:*

- *Fiskvinnslan Íslandsaga*
- *Grunnskólinn.*

## ***Þingeyri:***

- *Fiskvinnsluhúsið*
- *Grunnskólinn*
- *Tjörn heimili aldraðra*
- *Mjólkárvirkjun í Arnarfirði*
- *Héraðsskólinn að Núpi (þar er lítill rekstur)*

## **2. Þjónustustig.**

**Þjónustustig slökkviliða er skipt upp í eftirfarandi sex meginþjónustustig.**

### ***1. Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss***

Allir slökkviliðsmenn SÍ hafa fengið og fá þjálfun í vatnsöflun og almennu slökkvistarfi. Slökkviliðið mun sinna þessum þætti á sínu þjónustusvæði

### ***2. Slökkvistarf innanhúss og reykköfun.***

Ekki hafa allir slökkviliðsmenn SÍ gild reykköfunarréttindi bæði vegna aldurs og í öðrum tilvikum hafa menn óskað eftir að sleppa við reykköfun af öðrum ástæðum. Miðað er við að a.m.k 60% af liðsafla hafi gild reykköfunar réttindi. Slökkviliðið mun sinna þessum þætti á sínu þjónustusvæði

### ***3. Björgun fólks með klippum, glennum, og loftpúðum og öðrum útbúnað, m.a. úr bílflökum.***

Á Ísafirði eru til staðar góð tæki til björgunar m.a. úr bílflökum. Sérstakur hópur slökkviliðsmanna hafa sérstaka þjálfun á tæki þessi (klippuhópur) og sinnir þessum þætti. Allir slökkviliðsmenn sem sækja fræðslu Brunamálaskólans fá kennslu í notkun ofangreinds búnaðar. Slökkviliðið mun sinna þessum þætti á sínu þjónustusvæði

### ***4. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum og eiturefnaköfun.***

Á Ísafirði eru til tveir eiturefnabúningar, búnaður og viðbragðsáætlun til að takast á við „miltisbrandsgró“ og grunnbúnaður til að hreinsa upp olíu og bensín. SÍ sér um olíuhreinsibúnað fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar og hafa menn fengið fræðslu hjá Hollustuvernd ríkisins til að bregðast við mengun á sjó. Slökkviliðsmenn hafa fengið þjálfun við að eiga við leka á ammoníaksleka í frystihúsum. Heildarlausn vegna mengunaróhappa er ekki til sem stendur og hefur ekki verið tekið á þeim þætti sem fram koma í lögum nr 75/2000 um brunamál, þar kemur fram að viðbrögð vegna mengunaróhappa er í höndum slökkviliðs sveitafélagsins. Slökkvilið mun sjá um þennan þátt í samráði við reglur og leiðbeiningar Brunamálastofnunar en við meiri háttu mengunarslys verður leitað aðstoðar.

### **5. Eldvarnareftirlit.**

Skoðunarskyldir staðir á starfsvæði SÍ eru um 200.

Eldvarnareftirlitið hefur farið í um 100-120 skoðanir á ári undanfarin ár.

Slökkviliðið mun sinna þessum þætti á sínu þjónustusvæði í samræmi við reglugerð þar að lútandi.

### **6. Önnur þjónusta.**

*Sjúkraflutningar.*

Í gildi er samningur við FSÍ um sjúkraflutninga dags. 13 desember 2006.

## Köfun

Slökkviliðsmenn hafa komið sér upp búnað til köfunar á sjó og vötnum og nýtur SÍ góðs af því er varðar björgun á fólki og verðmætum.

## Dælingar

Slökkviliðið sinnir einnig þjónustu við íbúa sveitarfélagsins ef á þarf að halda t.d. hreinsa upp vatn vegna leka og dælingar úr minni skipum samkvæmt beiðni o.fl.

## Slökkvitækjahleðsla

Á slökkvistöðinni á Ísafirði er starfrækt slökkvitækjaþjónusta.

## Öryggisvaktir.

Öryggisvöktun er framkvæmd á skemmtistöðum og við íþróttahús þegar stórir atburðir eru þar, einnig sér SÍ um öryggisvaktir vegna löndunar á bensíni úr skipum í Ísafjarðahöfn.

### **Slökkvistarf í skipum:**

Slökkvilið sinnir slökkvi- og björgunarstarfi í skipum og bátum sem eru bundin við bryggju.

### **Flugvöllur:**

Slökkviliðið kemur að stórslysaáætlun flugvallarins ásamt flugmálastjórn og almannavarnardeild ríkislögreglustjóra og almannavarnarnefnd Ísafjarðarbæjar.

### **Jarðgöng:**

Slökkvilið sinnir slökkvi- og björgunarstarfi í jarðgöngum í samráði við lögreglu og vegagerð..

### 3. Skipulag slökkviliðsins.

Skipurit fyrir SÍ er samkvæmt mynd 1. Markmiðið með þessari skipan er að yfirbygging sé takmörkuð og boðleiðir milli yfir- og undirmanna séu einfaldar og skýrar og að lipurt og gott upplýsingaflæði sé milli allra starfsmanna.

Hjá SÍ eru fjögur full stöðugildi þar af eitt sem eldvarnaeftirlitsmaður og þrjú með 15% stöðu sem liðstjórar. Þar að auki eru skipaðir 60 slökkviliðsmenn . Mikið samstarf er á milli lögreglu, björgunarsveita og slökkviliðsins. Brunavarnir eru hluti af almannavarnarkerfi í Ísafjarðarbæ og sinna þarf brunavörnum, sjúkraflutningum og hafa allan björgunarbúnað til reiðu til að bjarga fólki úr umferðarslysum og annarri vá sem það kann að lenda í.


Á slökkvistöðinni á Ísafirði er búnaður almannavarnanefndar Ísafjarðar og slökkviliðsmenn sjá um hafa hann í lagi og alla umsjón með honum. Heildarfjöldi björgunarsveitarmanna sem hægt er að kalla út með skömmum fyrirvara eru um það bil 65. Í sveitafélaginu og alls eru um 20 lögreglumenn starfandi í Ísafjarðarbæ.

Björgunarsveitir eru í öllum byggðarkjörnum Ísafjarðarbæjar þ.e Suðureyri, Flateyri og Þingeyri.

Alls eru yfirmenn slökkviliðsins sjö, þ.e. slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri, varðstjóri, eldvarnaeftirlitsmaður, og þrír liðsstjórar sem staðsettir eru á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri. Á varðstofu slökkvistöðvar Ísafjarðar eru alltaf tveir stöðvarverðir við stærri útköll. Boðun kemur frá Neyðarlínu og lögreglu.



# Slökkvilið Ísafjarðarbæjar



**Slökkviliðsstjóri** annast daglegan rekstur SÍ á grundvelli laga, reglugerða og samþykta fyrir SÍ. Slökkviliðsstjóri skipar staðgengla sína og að jafnaði skulu vera þrír menn sem skipta með sér bakvöktum allt árið. Stjórn útkalla er á ábyrgð þess er stendur bakvaktina hverju sinni nema slökkviliðsstjóri sé kallaður til tekur hann yfir stjórnun. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á daglegri yfirstjórn gagnvart bæjarstjórn og í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri.

**Helstu verkefni daglegrar yfirstjórnunar eru að:**

- Stjórn starfseminni samræma og tryggja að öll svið slökkviliðsins vinni sem traust heild að þeim markmiðum sem því eru sett.
- Sjá um áætlunargerð og fjárhagslegan rekstur SÍ og að heildarstarfsemi sé innan fjárhagsáætlunar.
- Stuðla að góðri þjónustu gagnvart almenningi og fylgja eftir þörfum og breytingum samfélagsins
- Sjá til þess að starfsemin sé vel kynnt
- Stuðla að góðu samstarfi við þá aðila sem tengjast starfseminni
- Vinna að því að búnaður liðsins, færni og menntun starfsmanna sé í samræmi við samþykkt þjónustustig.
- Stuðla að jákvæðum og framsæknum starfsanda sem hvetur einstaklinga til þess að ná settum markmiðum.

### 3.1 Verkefni slökkviliðsins

SÍ sinna öllum helstu þáttum slökkvistarfa, vatnsöflun bæði úr brunahönum, úr opnum vatnsbólum og sjó. Unnið er með flutning vatns á eldstað með tankbílum.

Slökkviliðið er fært til að sinna slökkvistarfi bæði innan og utanhúss, vinna að reykköfun og reyklosun. Þessum þáttum er sinnt frá aðalstöð og útstöðvum og æfingar miðast við að sem flestir geti unnið þau störf í samræmi við menntunarstig og þjálfun. Slökkviliðið sér einnig um slökkvi- og björgunarstarf í Vestfjarðagöngum.

Klippubúnaði, mengunarslysum, eldvarnareftirliti og sjúkraflutningum er eingöngu sinnt frá aðalstöðinni á Ísafirði. Slökkviliðsmenn í útstöðvunum fá þó þjálfun í notkun björgunarbúnaðar og mengunarbúnaðar og geta brugðist við ef með þarf. Menntun og þjálfun slökkviliðsmanna verður í samræmi við kröfur og reglur Brunamálastofnunar. Eldvarnareftirlitið sinnir eftirliti í öllu sveitarfélaginu.

Sjúkraflutningar eru á vegum SÍ samkvæmt samningi á milli HSÍ og Bæjarsjóðs fyrir hönd SÍ og fer þessi starfsemi vel saman við starfsemi slökkviliðsins.

Slökkvitakaþjónusta er rekin frá slökkvistöðinni á Ísafirði og sinnir hún nánast öllum skipastól fjórðungsins auk þess fyrirtækjum, stofnunum og heimilum á svæðinu.

Öryggisvöktun er sinnt eftir beiðnum húseigenda eða eftir kröfu slökkviliðsstjóra og sinna slökkviliðsmenn þessum vöktum.

Slökkviliðsmenn sinna daglegum rekstri almannavarnarnefndar Ísafjarðarbæjar.

*Þjónusta sem er ekki samkvæmt lögum;* Slökkvilið sinnir slökkvistarfi í skipum sem eru bundin við bryggju. Einnig mun slökkvilið verða tiltækt vegna slökkvistarfs á flugvelli í samráði við Flugmálastjórn og flugslysaáætlun.

## 3.2 Forvarnarstarf

Dagleg umsýsla forvarnardeildar heyrir undir varaslökkviliðsstjóra. Forvarnarstarf er eitt 1.5 stöðugildi og er starfssviðið tvennskónar:

- Skoðunarsvið
- Tæknisvið

### Helstu verkefni forvarnardeildar eru:

- Ráðgjöf til hönnuða
- Skoðun teikninga byggingarnefndar
- Úttekt á skoðunarskyldum stöðum, skv. Reglugerð um eldvarnareftirlit sveitarfélaga
- Umsögn vegna veitinga- og gististaða
- Sérstakt eftirlit með mannmörgum stöðum, t.d. veitingar og samkomuhúsum
- Fræðsla fyrir almenning um eldvarnir
- Fræðsla í skólum um eldvarnir
- Slökkviliðs og varaslökkviliðsstjórar sitja fundi umhverfisnefndar.

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð forvarnadeildar er í höndum slökkviliðsstjóra.

Varaslökkviliðsstjóri ber faglega ábyrgð gagnvart slökkviliðsstjóra.

Sá sem sinnir eldvarnareftirliti er löggiltur eldvarnareftirlitsmaður og skal hafa hlotið menntun á því sviði sem Eldvarnareftirlitsmaður II hjá Brunamálaskólanum. Yfirmaður hans skal vera Eldvarnareftirlitsmaður III eða sambærilega menntun. Endurmenntun skal vera í samræmi við áætlanir Brunamálaskólans. Starfsmaður á að vera upplýstur um allar nýjungar varðandi hinar ýmsu reglur og reglugerðir. Eldvarnareftirlitsmaður skal hafa fullgilda menntun í samræmi við reglugerð um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna nr. 792 /2001.

Listi um skoðunarskylda staði er geymdur og vistarður á tölvum slökkviliðsins.

Endurmenntun er í samræmi við áætlanir brunamálaskólans og einnig eru starfsmenn nokkuð vel upplýstir um nýjungar varðandi hinar ýmsu reglur og reglugerðir sem og leiðbeiningar.

## 3.3 Útkallsstarf

Útkallsdeild skiptist í tvö svið, tækni- og þróunarsvið og útkallssvið.

### 3.3.1. Tækni- og þróunarsvið

#### Skipulag

Tækni- og þróunarsvið er skipt upp í átta starfssvið:

- almannavarnir
- slökkvistarf
- sjúkraflutningar
- tæki og búnaður
- umhverfismál og mengunarmál
- þjónustumál
- Fræðslu- og menntunarmál
- Eldvarnareftirlit

Slökkviliðsstjóri stýrir ofangreindum starfssviðum og starfsmenn sinna tilfallandi verkefnum.

#### *Helstu verkefni*

Tækni- og þróunarsvið samhæfir búnað og menntun starfsmanna í samræmi við mótaða stefnu. Það leggur mat á einstaka þætti starfseminnar og kemur með tillögur um þróun og úrbætur. Lagðar eru fram í upphafi hvers árs þjálfunar- og endurmenntunaráætlanir.

Helstu verkefni eru á sviði:

- björgunar- og slökkvistarfa
- sjúkraflutninga
- viðbragða vegna mengunarslysa
- umhirðu húsnæðis
- umhirðu bifreiða og búnaðar
- almannavarna og aðgerðarstjórnunar
- viðhalds og prófunar á fjarskiptakerfum
- æfingar og þjálfun starfsmanna
- slökkvitækjahleðsla

### **3.3.2. Útkallssvið**

#### *Skipulag*

Á útkallssviði eru 4 starfseiningar samkvæmt eftirfarandi skipulagi;

- útkallseining Ísafirði
- útkallseining Flateyri
- útkallseining Suðureyri
- útkallseining Þingeyri

Sjúkrabifreiðar eru reknar frá Ísafirði með samningi við Heilbrigðisstofnun Ísafjarðar. Sjúkrabifreið er staðsett á Þingeyri sem er rekin af Rauðakrossi Íslands og kemur ekki inn á starfsemi slökkviliðsins.

#### *Helstu verkefni*

Útkallssvið hefur þrjú meginþjónustuhlutverk:

- slökkvi- og björgunarstörf
- sjúkraflutninga
- eftirlit tækja og búnaðar

## Samnýting á starfsmönnum milli slökkvistarfa og sjúkraflutninga er mikil.

### Helstu verkefni eru:

- slökkvistarf
- slökkvistarf í skipum
- slökkvistarf í jarðgöngum
- viðbrögð við umhverfisslysum
- björgun vegna umferðaóhappa
- sjúkraflutningar
- þjálfun og æfingar
- eldvarnareftirlit
- dagleg umhirða húsnæðis, bifreiða og búnaðar

Fagleg og rekstrarleg ábyrgð útkallsdeildar er í höndum slökkviliðsstjóra.

Varaslökkviliðsstjóri og varðstjóri bera faglega ábyrgð gagnvart slökkviliðsstjóra.

Fjöldi slökkviliðsmanna er u.þ.b. 66 í heildina, þar af eru fjórir af þeim í fullu starfi.

Á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri sjá liðsstjórar á stöðunum um búnað slökkviliðsins og eru í 15% starfhlutfalli. Allir slökkviliðsmenn fá þjálfun í að leysa sérhvert verkefni sem kemur inn á borð slökkviliðsins í samræmi við þjálfun, menntun og þjónustustig. Þannig eiga menn að geta gengið í hvaða störf sem upp koma í samræmi við þjónustu stig. Ekki eru þó allir sem hafa tilskilin réttindi til að aka meiraprófsbílum og aðrir ekki færir um að stunda reykjöfun.

Útkallseiningarnar á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri sinna einvörðungu vatnsöflun, slökkvistarfi utan- og innanhús ásamt reykjöfun og minni háttar mengunarslysi s.s. minniháttar ammóníuleka.

Í útköllum er unnið eftir aðgerðarskipulagi sem skilgreinir í megin dráttum hvert verkefni manna er í ákveðnum stöðum .

- Í samræmi við þjónustustig verða alltaf a.m.k. 40% slökkviliðsmanna á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri að vera með reykjöfunarréttindi á hverjum tíma. Á Ísafirði verða a.m.k. 60% slökkviliðsmanna að vera með reykjöfunarréttindi.
- Í samræmi við þjónustustig verða alltaf a.m.k. 15 slökkviliðsmenn þjálfaðir til starf vegna klippuvinnu á hverjum tíma. Í dag eru 23 slökkviliðsmenn sem geta sinnt þessum þætti.
- Í samræmi við þjónustustig hafa á hverjum tíma verða a.m.k. 80% slökkviliðsmanna lokið grunnnámi hlutastarfandi slökkviliðsmanna.
- Í samræmi við þjónustustig verða allir fastráðnir slökkviliðsmenn að hafa lokið námi frá Brunamálaskólanum sem atvinnuslökkviliðsmaður og fengið endurmenntun.
- Í samræmi við þjónustustig verða alltaf a.m.k. 12 slökkviliðsmenn þjálfaðir til starf vegna mengunarslysa á hverjum tíma.
- Vegna slökkvistarfs í skipum og flugvélum verða a.m.k. 80% slökkviliðsmanna að vera þjálfaðir til að geta tekist á við þessa þætti. Þjálfun í flugvélum er fengin frá slökkviliði Akureyrar sem kemur með þjálfun tvisvar á ári.

Æfingar eru haldnar reglulega í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Æfingaráætlun er að finna í fylgiskjölum, 4 og 5  
Slökkviliðið mun sinna menntun og símenntun starfsmanna í samræmi við kröfur Brunamálaskólans. Auk þess mun slökkvilið gera áætlun til fimm ára og verður sú fyrsta gerð fyrir starfsárið 2008.

### **3.4. Annað**

Unnið verður að því að koma upp mengunarvarnardeild innan SÍ og verður það gert þegar reglur um lágmarksbúnað verða gefnar út af Brunamálastofnun. Búnaður er afskrifaður samkvæmt reglum sveitarfélagsins og skattayfirvalda. Þegar reglugerð um lágmarkskröfur varðandi tækjakost, húsnæði og mannafla slökkviliða kemur út verður hægt að segja til um hvort búnaður og mannafla teljist nægjanlegur. Fjármagnsstefna SÍ er ákveðin af bæjarstjórn hverju sinni. Menntun slökkviliðsmanna skal vera samkvæmt námsvísium Brunamálaskólans og stefnt er að allir slökkviliðsmenn sækji þau námskeið sem þar eru í boði hverju sinni. Uppi eru hugmyndir um að SÍ taki að sér mengunarslys, klippuvinnu og hluta eldvarnaeftirliti hjá Slökkviliði Súdavíkur. Samningur verður gerður um þessa vinnu.

## **4. Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð**

Í stjórnstöð slökkviliðsins á Ísafirði er fjarskiptamiðstöð slökkviliðs og almannavarna. Þar eru talstöðvar á öllum helstu tíðnum björgunaraðila á VHF tíðni. Nýlega var komið upp TETRA sambandi í tengslum við jarðgöngin undir Breiðadal og Botnsheiði og er verið að vinna að útbreiðslu og tækjakaupum. Í stjórnstöð eru 5 símalínur (möguleika á 5+) og faxtæki ásamt sítengdri tölvu við internetið. Neyðarsvörun er í höndum neyðarlínunnar sem hefur upplýsingar um bakvaktarmenn og einnig sér hún um að kalla út slökkviliðið með SMS skilaboðum.

### **4.1. Viðvaranir og upplýsingagjöf**

Viðvaranir til almennings eru gefnar út í samráði við almannavarnir Ísafjarðar (AVÍ) og sendar til fjölmiðla samkvæmt boðleiðum AVÍ. Helstu áhættur sem gætu krafist slíkra tilkynninga eru meiriháttar snjóflóð og skriðuföll stór brunaútköll sem geta skapað almannahættu, mengunarslys og flugslys á svæðinu og rýming á Heilbrigðisstofnunni vegna bruna eða mengunar.

### **4.2. Svar- og greiningartími**

Samkvæmt upplýsingum frá Neyðarlínu er meðal svartími 3.7 sek. og greiningartími er allt að 1.5 mín en það fer eftir eðli útkallsins. Unnið er eftir greiningarkerfi Neyðarlínunnar. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á samskiptum við Neyðarlínuna og forsendum fyrir greiningu beiðna.

### **4.3. Boðunartími**

Eins og áður er komið fram sér Neyðarlínan um boðun á slökkviliðinu með SMS skilaboðum. Boðunin er gerð samkvæmt fyrirmælum bakvaktarmanns slökkviliðsins. Þegar ákvörðun bakvaktarmanns liggur fyrir má reikna með að boðun Neyðarlínu geti tekið allt að því 3 mínútur. Miðað er við að fyrsti slökkviliðsbíll skuli vera farinn af viðkomandi slökkvistöð innan fimm mínútna frá því að boð berast (sjá nánar kafla 4.5.), miðað við eðlilegar aðstæður, ef veður eða aðrar náttúruhamfarir hamla ekki.

Varðandi gagnagrunn Neyðarlínu sér slökkviliðsstjóri og varðstjóri um að uppfæra boðleiðir slökkviliðsmanna, almannavarnanefndar og aðgerðarstjórn AVÍ. Björgunarsveitir sjá sjálfar um að uppfæra boðunarlista sinn í gegnum landstjórn björgunarsveita. Uppfærslur eru alltaf gerðar þegar breytingar verða á mannskap. Hjá SÍ er ekki gerður greinamunur á boðun slökkviliðs vegna almannavarnavá.

SÍ og almannavarnir halda úti boðunarskrá fyrir helstu viðbragðsaðila á svæðinu.

#### **4.4. Virkjunartími**

Miðað er við stjórnandi taki sér 1–3 mínútur á stöð til að fá upplýsingar um vettvanginn og hvaða búnað hann þarf til að klára verkefnið.

Á vettvangi tekur stjórnandi sér 1-2 mínútur til könnunar á aðstæðum áður en árásleið er valin. Eftir að stjórnandi hefur ákveðið grundvallaraðferð þ.e **Lífbjörgun, Beina árás, Hindra útbreiðslu eða Tefja útbreiðslu ætti slökkvistarf að geta hafist innan 1. til 3. mínútum eftir að komið er á staðinn.**

#### **4.5. Viðbragðstími**

Viðbragðstími SÍ er misjafn milli bæjarhluta og miðað við veðurfarslegar aðstæður hverju sinni.

Á Ísafirði er miðað við að slökkvilið sé á staðnum á bilinu 5-10 mínútum eftir útkall.

Ef að senda þarf liðsstyrk frá Ísafirði til annarra staða er tíminn þar til aðstoð berst frá Ísafirði og öfugt eftirfarandi.

Suðureyri 20-25 mínútur.

Flateyri 20-25 mínútur.

Þingeyri 30-40 mínútur.

Á Suðureyri er miðað við að slökkvilið sé á staðnum 5-10 mínútum eftir útkall

Á Flateyri er miðað við að slökkvilið sé á staðnum 5-10 mínútum eftir útkall

Á Þingeyri er miðað við að slökkvilið sé á staðnum 5-10 mínútum eftir útkall

Á starfsvæði slökkviliðs Ísafjarðarbæjar eru talsvert margir bóndabæir og er viðbragðstími slökkviliðsins misjafn á hvern og einn þeirra.

Í heildina gæti útkallstími verið á bilinu 10-60 mínútur.

Mjólkárviðbragð er einna lengst að sækja eða í um 40- 60 mínútna fjarlægð frá Þingeyri og yfir vetrarmánuði er jafnvel ófært yfir Hrafnfjarðarheiði. Slökkvilið Ísafjarðarbæjar á engan slökkvibúnað á staðnum en OV hefur sett upp varnir sem samanstendur af slöngum, stútum og reykköfunartækjum.

Bóndabær og sumarhús eru á Ingjalðssandi við Önuðarfjörð. Að sumarlagi er um 40-60 mínútna akstur frá Ísafirði yfir Sandsheiði, yfir vetrarmánuði er heiðin að öllu lokuð vegna snjóá. Slökkvilið Ísafjarðarbæjar á engan búnað á staðnum.

Þar sem viðbragðstími er lengur en 30 mín er reynt að sjá til þess að á stöðunum sé slökkvibúnaður, reykskynjarar og góðar rýmingarleiðir.

Mynda af útkallssvæði er í fylgiskjali 1.

## **5. Húsnæði, bifreiðar og búnaður.**

Líta verður á allan búnað slökkviliðs Ísafjarðarbæjar sem heild og því kemur það fram sem eitt afl. Þetta er gert til þess að sem best nýting fái úr búnaðinum og því fjármagni sem fæst til búnaðarkaupa.

Afskriftarreglur og fjármagnsstefna er í samræmi við reglur og samþykktir sveitarfélagsins. Búnaður er afskrifaður í samræmi við reglur og leiðbeiningar framleiðanda.

### **5.1 Húsnæði**

Slökkvistöðvar slökkviliðs Ísafjarðarbæjar eru fjórar, ein aðalstöð og þrjár útstöðvar að auki ein aðstaða fyrir búnað í Hnífsdal sem er nýtt sem geymsla.

- Slökkvistöðin á Ísafirði sem er aðalstöð
- Slökkvistöðin á Flateyri sem er útstöð
- Slökkvistöðin á Suðureyri sem er útstöð
- Slökkvistöðin á Þingeyri sem er útstöð.

#### **5.1.1 Ísafjörður.**

Slökkvistöðin á Ísafirði, Fjarðarstræti 26-28 er byggð í þremur áföngum á árunum 1938, 1950 og 1980 Húsnæðið er steinsteypt og um 618 fermetrar og er eign Ísafjarðarbæjar

Húsnæðið er að mestu á einni hæð fyrir utan fundarsal og skrifstofu sem er á annarri hæð. Eins og aldur gefur til kynna er ýmislegt sem þarfnast viðhalds:

enda þarf að gera við þak, steypuskemmdir á turni, gluggar og hurðir, gólfefni eru orðin léleg.

#### **5.1.2 Flateyri**

Slökkvistöðin á Flateyri, Brimnesvegi er í steyptri og hlaðinni byggingu sem er byggð árið (finnst ekki í fasteignamati) og er um 90 fermetrar að stærð og á einni hæð. Aðstaðan er einn geimur. Huga þarf að betra húsnæði sem slökkvistöð þar sem stöðin þarfnast töluverðs viðhalds: Skipta þarf um útkeyrsluhurð, klára að klæða loft, klára þarf aðstöðu slökkviliðsmanna, skipta þarf um glugga og mála gólf og vegg.

#### **5.1.3 Suðureyri**

Slökkvistöðin á Suðureyri, Hafnarkanti er í stálgrindarhúsi sem var byggt árið 1973 og er um 90 fermetrar að stærð og á einni hæð. Aðstaðan er í einu bili. Ganga þarf frá því sem eftir er af húsnæðinu og setja upp hreinlætisaðstöðu.

#### **5.1.4 Þingeyri**

Slökkvistöðin á Þingeyri, Vallargötu 3 er í húsnæði sem var byggt árið 1960 og er aðstaðan á um 170 fermetrar og er á tveimur hæðum, en slökkvistöðin er einungis á fyrstu hæð. Árið 2001 var húsnæðið stækkað með því að opna millivegg og er þar nú pláss fyrir 3 slökkvibíla. Ljúka þarf við frágang húsnæðisins og til þess þarf: Skipta um útaksturshurðir, klára aðstöðu slökkviliðsmanna, mála húsnæðið.



## 5.2 Bifreiðar

### 5.2.1 Ísafjörður

Renault KERAX 420 19 4X4 árgærd 2006 kom til slökkviliðs Ísafjarðarbæjar 5. maí 2006. Bifreiðin er yfirbyggð í Póllandi og flutt inn af Eldvarnarmiðstöðinni. Bifreiðin er með RUGBER R40 dælu sem skilar við bestu aðstæður 4000 l. per .mín Monitor er á þaki yfirbyggingar og skilar hann 4000 l. pr mín þannig að það tekur 1. mín að tæma tankinn. 200 lítra froðutankur er í bílnum og er dælan með innbyggt froðukerfi .  
2. Háþrýsti kefli eru í bílnum 2X75 metrar. Bifreiðin er með tvöföldu húsi fyrir 6 menn og er reykköfunarbúnaður í aftursætum. Með bílnum komu 4 sett af reykköfunartækjum af Fenzý gerð og varahylki fyrir hvert tæki.

Bens dælu- og tækjabíll árgærd 1995, ekinn 5000 km, með 2000 l tank og 3000 l/mín dælu. 200 l froðutankur er í bifreiðinni og búnaður í dælu til dælingar á henni. Bifreiðin var keypt ný frá Rosenbauer í Noregi 1995. Ástand bifreiðar er gott.

Bedford dælubifreið árgærd 1962 ekinn 5.190 mílur, með 4200 l/mín dælu og 600 l tank. Bifreiðin kom til Ísafjarðar í tengslum við magnkaup á slökkvibifreiðum frá Bretlandi á árunum 70 – 75. Ástand bifreiðarinnar er sámilegt.

MAN tankbíll árgærd 1980 ekinn 650.000 km með 9.000 l tank og Climax dælu 1100 l/mín fasttengdri. Ástand bifreiðarinnar er ekki nógu gott og er áskilegt að endurnýja hann og fá í staðinn bíl með betri tank og dælu.

Toyota Hilux árgærd 1992 ekinn 140.000 km. Bifreiðin er notuð til eftirlits og er að jafnaði bifreið slökkviliðsstjóra. Ástand gott en þarfnast endurnýjunar vegna aldurs.

Econline tækjabifreið árgærd 1991 ekinn 31.758 km. Bifreiðin er notuð undir klippubúnað slökkviliðs og til flutnings á mannskap. Ástand gott.

Econline sjúkrabifreið árgærd 2002 í eigu sjúkrabílasjóðs

Bens Sprinter sjúkrabifreið árgærd 2003 í eigu sjúkrabílasjóðs

### 5.2.2 Flateyri

Bedford dælubifreið árgærd 1962 ekinn 2516 mílur, með 4200 l/mín dælu og 600 l tank. Bifreiðin kom til Flateyrar í tengslum við magnkaup á slökkvibifreiðum frá Bretlandi á árunum 70 – 75. Ástand bifreiðarinnar er sámilegt, þarfnast endurnýjunar. Landróver dælubifreið árgærd 1964 ekinn 2120 km, með dælu 1100 l/mín dælu og 400 l tank. Ástand bifreiðarinnar er sámilegt en þarfnast endurnýjunar.

### 5.2.3 Suðureyri

Ford 600 dælubíll árgerð 1964 ekinn um 53.180 km með 1200 l tank og 500 GPM dælu. Bifreiðin er komin vel til ára sinna og þarfnast endurnýjunar eða meiri háttar viðhalds: Skipta þarf um dælu og smíða þarf nýjan tank,. Ástand bifreiðar er viðunandi.

Bedford dælubifreið árgerð 1962 ekinn 2120 mílur, með 4200 l/mín dælu og 600 l tank. Bifreiðin kom til Suðureyrar í tengslum við magnkaup á slökkvibifreiðum frá Bretlandi á árunum 70 – 75. Ástand bifreiðarinnar er sæmilegt en þarfnast endurnýjunar.

### 5.2.4 Þingeyri

Ford 8000 dælubíll árgerð 1979 ekinn 21.036 km með 2000 l tank og 750 GPM dælu. Ástand bifreiðar er gott. Og var hún flutt yfir á Þingeyri í Maí 2006

Gaz dælubifreið árgerð 1952, ekinn ekki vitað, með 2000 l/mín dælu og 800 l tank. Bifreiðin er komin vel til ára sinna og var lagt 2006.

International tankbifreið árgerð 1980, ekinn 106.127 km, með 1500 l/mín Hale dælu fasttengdri og 9000 l tank. Bifreiðin var gerð upp árið 2000 og er ástand gott.

## 5.3 Búnaður

Almennt séð er ástand búnaðar ásættanlegt, en huga mætti að endurnýjun á dælukosti, en víða eru Climax lausdælur ennþá í notkun og bilannatíðni meiri en æskilegt er. Hvað varðar reykjöfunartæki og búnað þá er ástand hans gott, en fjölga þyrfti tækjum og varalofiti . Á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri er búið að endurnýja búnað. Slökkvigallar og tengdur einstaklings búnaður hefur verið endurnýjaður að hluta síðustu 5 árin, og er nú árleg endurnýjun í gangi. Annar búnaður t.d slöngur, stútar og smærri verkfæri eru endurnýjuð jafn óðum.

Lausar dælur eru prófaðar reglulega og er ástandi lýst hér að neðan:

Climax 1200 l/min. árg. 1962 .....	gott ástand
Climax 1200 l/min. árg. 1962 .....	gott ástand
Climax 1200 l/min. árg. 1962 .....	gott ástand
Climax 1200 l/min. árg. 1974 .....	gott ástand
Climax 1200 l/min. árg. 1972 .....	gott ástand
Ziegler 2600 l/min árg 1989 .....	gott ástand
Briggs 1200 l/min. árg. 1985 .....	gott ástand

**Allar slöngur eru í góðu ástandi:**

Stofnlagnir 20 m .....	4”
Stofnlagnir 3000 m .....	3”
Fæðislöngur 3000 m .....	2½”
Vinnuslöngur 500 m .....	2”
Vinnuslöngur 350 m .....	1½”
Háprýsti slöngur 310 m.....	1⅓”
Sogbarki .....	26 barkar

**Allir stútar eru í góðu ástandi:**

PROTEK háprýstistútar.....	2.stk
“Graundminitorar” .....	1 stk.
Fogfighter,.....	6 stk.
AWG .háprýstistútar.....	2 stk.
Akron stútur fyrir 2½ slöngu.....	10 stk.
Unifire ýmsar stærðir .....	10 stk
Monitor laus með 750 gpm stút	1stk
Greinistykki .....	16 stk

**Björgunarklippur eru yfirfarnar í tengslum við æfingar.**

Tækin eru í góðu standi. Lyftipúðar eru í góðu standi:	
Holmatro björgunartæki, klippur, glennur og tjakkar .....	1 stk.
Ýmiskonar fylgihlutir:	
Vetter lyftipúðar ásamt stýribúnaði og fylgihlutum .....	3 stk.
Nýjar Klippur af Holmatro gerð árg.2006, glennur og tjakkur með tveimur dælum komu í Maí 2006.	

**Annar búnaður (búnaður er almenn í góðu ástandi)**

Handverkfæri eru öll í góðu standi.	
Almenn handverkfæri, sagir, hamrar, kúbein, brotverkfæri o.fl. ....	heild
Ljósabúnaður er (lausir kastarar í góðu standi.	6 stk.
Bensín knúin (Honda) rafstöð 4,5 kw árgerð 1992 .....	1 stk.
Bensín knúin (Honda) rafstöð þriggja fasa 5,7 kw árgerð 2006.....	1.stk.
Bensín hjólsög, .....	1. stk.
Bauer loftdæla fyrir reykköfunartæki 200 og 300 bar.....	í góðu standi
Bauer loftdæla fyrir reykköfunartæki 200 bar.....	sæmileg
Bauer loftdæla fyrir reykköfunartæki 200 bar.....	í góðu standi
Bauer loftdæla fyrir reykköfunartæki 200 og 300 bar.....	í góðu standi

**Reykköfunarbúnaður. Eftirlit með tækjunum er skv. reglugerð:**

AGA reykköfunartæki.....	6 stk.
Fenzy 5000 reykköfunartæki .....	23 stk.
Varahylki .....	17 stk.
Hlífðarfatnaður (algalli).....	66 stk

**Stigar**

Níu lausir stigar á bílum.....	9 stk
Froða .....	800 l
Froðustúta .....	6 stk
Millifroðustútar .....	6 stk
Reyklosunarbúnaður er í góðu standi.	
Yfirþrýstingsblásari (bensín). .....	1 stk.
Rafmagnsblásarar.....	2 stk.

**Mengunarslysabúnaður er í sæmilegu standi:**

Eiturefnagallar.....	2 stk.
----------------------	--------

**5.4 Fjarskipti**

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar hefur yfir miklu magni af fjarskipta búnaði að ráða.

Helsta kerfi sem notast er við er VHF.

Drægi þessara talstöðva er sú sama og á almennt við um VHF.

Í tengslum við almannavarnir er möguleiki á sambandi meðal annars til Reykjavíkur og fl. í gegnum endurvarpa kerfi almannavarna.

Einnig hefur slökkvilið Ísafjarðarbæjar aðgang að endurvarpa kerfi

Slysavarnafélagsins Landsbjargar og rásam þeirra.

Í október 2003 bættist við Tetra fjarskipta búnaður. Hann var eingöngu tekin í notkun vegna fjarskiptaleysis í vestfjarða-jarðgöngum.

Fyrir tilstuðlan Vegagerðar ríkisins voru settir upp sendar á Þverfjalli og í jarðgöngunum. Notkunarsvæði er bundið við Skutulsfjörð, jarðgöng og við munna þeirra í Botns og Breiðadal en stendur til að stækka svæðið.

Slökkvilið Ísafjarðar á möguleika og hefur nýtt sér beint fjarskiptasamband við stjórnstöð Neyðarlínunnar í gegnum Tetra.

Innan svæðis er möguleiki á sameiginlegu sambandi við lögreglu og vegagerð ríkisins.

Handstöðvar	20 stk.
Fastar talstöðvar í bílum	8 stk.
TETRA	11 stk.
GSM símar	6 stk.

Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á að viðhald, endurnýjun og rekstur sé með eðlilegum hætti.

### **5.5 Viðvörðunarbúnaður**

Viðvörðunarbúnaður er til staðar á Ísafirði, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Hann hefur eingöngu verið notaður til boðunnar á slökkviliðum og þá sérstaklega fyrir komu símboða og nú síðast SMS boðunnar.

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar á og rekur þessa lúðra.

Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á að viðhald, endurnýjun og rekstur sé með eðlilegum hætti. mun þessi búnaður leggst af á næstu misserum og stuðst verður við GSM boðun.

### **5.6 Æfingasvæði**

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar hefur ekki yfir að ráða ákveðnu æfingasvæði og er það slæmt fyrir allar æfingar að geta ekki haft ákveðið svæði til að athafna sig á.

### **5.7 Annað**

Slökkvilið Ísafjarðar hefur gert að samkomulagi við Björgunarsveitina Tinda Hnífsdal um að í tilfellum þar sem mikill snjór er í byggð verði til taks á slökkvistöðinni á Ísafirði mönnuð björgunarsveitabifreið til notkunar í sjúkraflutninga og önnur verkefni sem til falla hverju sinni.

## 6. Landupplýsingar.



Landfræðilegt þjónustusvæði Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar nær frá Dynjandisheiði að vestan. Að norðan er friðland á Jökulfjörðum að Norður ströndum. Snæfjallaströnd tilheyrir Ísafjarðarbæ þannig að slökkviliðið þarf að fara yfir tvö sveitafélög til að sinna þeirri byggð er varðar eldvarnareftirlit og bruna. Sjúkraflutningar um allt þetta svæði er sinnt frá Ísafirði. Allt svæðið getur verið mjög erfitt yfirferðar vegna ófærðar á vetrum. Sjá nánar fylgiskjal xx (kort af útkallssvæði).

Ekki er notast við neitt sérstakt leiðarkerfi á leið í útköll heldur eru slökkviliðsmenn almennt nokkuð kunnugir um svæðið og rata um vegi sveitafélagsins, en á slökkvistöð og í slökkvibílum eru landakort af svæðinu ásamt götukortum þéttbýliskjarna og er notast við þau ef á þarf að halda. Unnið er að því að koma í slökkviliðsbíla og sjúkrabíla staðháttalýsingum af hverjum sveitabæ með upplýsingum um ábúendur, vatnsból og helstu hættur sem þar geta verið.

Er þetta unnið samhliða eldvarnareftirliti og notast er við eldvarnareftirlitsforritið ERPUR. Reiknað er með að þessar upplýsingar verði komnar í bíla SÍ um árið 2007.

## 7. Vatnsból og brunahanar.

Á Ísafirði eru 52 brunahanar víðsvegar um bæinn með vatnsþrýsting um 4 bar. Á Flateyri eru 15 brunahanar með vatnsþrýsting um 3,5 bar. Á Suðureyri eru 10 brunahanar með vatnsþrýstin um 3,5 bar. Á Þingeyri eru 15 brunahanar með vatnsþrýsting 3,5 bar. Vatnsból fyrir Ísafjörð og Hnífsdal er tekið úr brunni inni í jarðgöngum undir Breiðadals og Botnsheiði. Vatnsból á Flateyri er uppsprettulindir upp í fjalli sem er síðan safnað í vatnsgeymir sem nægir þorpinu á álagstíma. Á Suðureyri er vatn tekið úr á innarlega í dalnum og því veitt í vatnsgeymi sem dugar fyrir þorpið á álagstíma. Á Þingeyri eru borholur og vatninu dælt frá þeim út í veitukerfið. Viðhald brunahana eru á vegum Vatnveitu Ísafjarðabæjar og sér hún um að mæla afkastagetu þeirra. Þessum upplýsingum er komið til slökkviliðs jafnóðum og þær eru tilbúnar. Nánari upplýsingar er að finna hjá tæknideild Ísafjarðabæjar.

## 8. Sérstakar bruna og mengunarhættur

Jarðgöng undir Breiðadals- og Botnsheiði.

Jarðgöng undir Breiðadals- og Botnsheiði eru tekin í notkun 1996 og var þá strax mikil öryggisvinna set í gang á vegum slökkvilið, vegagerðar og lögreglu. Í göngunum eru slökkvitæki og er sími við þau sem er tengdur til lögreglu.

Í seinni tíma hefur sú vinna komið á slökkviliðið að halda utan um hjálfun og skipulag í göngunum með þessum aðilum. Árið 2003 voru sett upp Tetra fjarskipti í jarðgöngum. Sér Vegagerð ríkisins um uppsetningu og mun sjá um rekstur búnaðar í göngunum. Sjá sér áætlun fyrir göngin í fylgiskjali xx

Niðurstöður:

*Ekki eru miklar líkur á því að eldur verði laus í göngum nema við árekstur bifreiða og mun stærð brunans fara eftir hvernig farataeki eiga í hlut. Slökkviliðið ræður við slökkvi og björgunarstörf í göngunum svo framarlega sem ekki er um aðræða olúflutningar eigi hlut að máli en þá vantar slökkviliðinu búnað.*

## **Grunnskólin á Ísafirði.**

Grunnskólinn á Ísafirði eru 3.hús sem eru tengd með tengibyggingum. Byggingarnar eru steinsteypar (fyrir utan gamla skólann) fermetrum bygginga eru ekki í fasteignamati (kanna betur) eru byggðar árunum 1937, 1967, ????. Á milli Gagnfræðaskóla og Grunnskólans er tengibygging sem er eitt brunahólf sér. Gagnfræðaskólin eru tvær hæðir og er eitt brunahólf. Grunnskólinn er tvær hæðir og er eitt brunahólf auk þess sem félagsmiðstöð er á neðrihæð í sal samkomusal skólans. Á milli grunnskólans og gamla skólans er tengibygging sem er eitt brunahólf og í henni er aðstaða fyrir húsvörð og móttöku skólaritara. Gamli skólin er eitt brunahólf gamalt timburhús, skólastofur eru á neðri og efrihæð fyrir yngstu nemendur skólans. Neyðarútgangur af efri hæð er út á sitt hvorum gaflí öðru megin er stigi niður á skólalóðina en á hinum gaflí er hann út á þak tengibyggingar og yfir í grunnskólann. Neyðalýsing er í skólanum. Ekkert brunavarnarkerfi hefur verið sett upp þó svo að það hafi lengi verið krafa frá B.M.S.R.og eldvarnareftirliti.Rýmingaráætlun er til á húsið og er æfð reglulega einu sinn á ári.

Í gamla kaupfélagshúsinu er búið að gera kennsluhúsnæði á annarri og þriðju hæð hússins og eru þar kennslustofur og aðstaða fyrir kennara og starfsfólk. Húsið er til bráðabyrgða og eru varnir hússins góðar miðað við það neyðarútgangar voru gerði auk þess sem brunaviðvörðunarkerfi var sett í húsnæði skólans sem áætlað er að tengist varðstöð, og er það í höndum tæknideildar sveitafélagsins.

### **Niðurstaða:**

Niðurstaða er sú að ef um eld er að ræða í skólahúsnæði er slökkviliðið og skólayfirvöld 3-4.mín. að rýma allt húsnæðið. Slökkviliðið ræður við bruna í byggingunni ef hann kemur upp á skólatíma. Erfitt getur orðið að ráði við eld í byggingunni ef hann kemur upp á öðrum tímum þar sem ekki er brunaviðvörðunarkerfi í byggingunni.

Unnið er að frekari brunavörnum og neyðaráætlunum fyrir skóla í Ísafjarðarbæ.



**Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar** er ein stærsta áhættan. Byggingin er steinsteypt byggð árið 1982 og er á tveimur hæðum, kjallara og geymslulofti. Byggingin er fimm brunasamstæður, en all mörg brunahólf. Aðalbrunahólfun hússins er gerð með A-REIM120 veggjum og hurðum sitthvoru megin við kjarnabygginguna. Opið er undir hurðir og E30 gler er að neyðarstigagöngum. A-EI60 hurðir læsast ekki aftur og það sama á við margar E-S30 hurðir. Loftstokkar um alla byggingu. Byggingin er um 7774 ferm. Húsið nýlegt og var tekið í notkun 1986-7. Sjúkrahúsið er deildaskipt sem er bráðadeild og öldrunardeild, að jafnaði eru um 30-35 manns inniliggjandi þar af á öldrunardeild eru 18 í föstu plássi.

Á jarðhæð er heilsugæslustöð, skurðstofur, slysamóttaka og rannsóknardeild. Í kjallara hússins eru tæknideild, endurhæfingardeild, kapella og líkgeymsla, vélasalur og eldhús

Brunahólfun er góð og varnir almennt góðar. Húsið er með brunavörunarkerfi. Lokun á milli brunahólfunar er stýrt af kerfinu. Helstu hættur eru að ef eldur kemur upp á annarri deildinni, þá er hægt að færa sjúklinga yfir á hina.

Starfsfólk er sæmilega þjálfað til að takast á við hættuástandi sem getur skapast af reyk og bruna. Tel ég samt að ef eldur kemur upp þá sé um almannavarnaraðgerð að ræða.

#### **Niðurstaða:**

Ekki mikil líkindi á eldsvoða en verði hann er afleiðingin mikil og stór

almannavarnaraðgerð sem margi koma að. Almennt ræður slökkvilið við bruna í byggingunni en þarf aðstoð vegna rýmingar sjúklinga.

### **Hlíf íbúðir aldraðra Ísafirði**

Byggingin er steinsteypt og er á fimm hæðum og kjallara að hluta. Þök eru rislaga og klædd með báruðu stáli. Byggingin er ein brunasamstæða byggð 1979/87, en skipt í fjöldann allan af brunahólfum. Í norðurhluta standa hurðir opnar og einnig er frauð með hurðarkörmum. Í suðurhluta er létt lokun fyrir ofan hurðir. Svipað ástand er á milli húshluta. Loftstokkar eru víða um húsið og er ekki vitað um frágang þeirra. Byggingin er 4997,4 ferm.

Í húsinu eru eignaríbúðir og leiguíbúðir. Á efstu hæð er þjónustudeild fyrir langlegusjúklinga sem þurfa bæði aðhlyningu og meiri þjónustu á sviði hjúkrunar.

90 íbúar eru í húsinu 79 íbúar búa í eignaríbúðum og leiguíbúðum, en 11 vistmenn eru á þjónustudeild sem er með 10 herbergi 9.einsmanns herbergi og eitt tveggja manna

Alls eru 76 íbúðir í húsinu. Aldurstakmark er miðað við 65 ára og upp úr

Aðstaða er sæmileg er varðar hólfun hússins. Aðkoma er sæmileg fyrir slökkviliðið. Eldvarnarkerfi er í húsinu og er það í tveimur hlutum og skilar ekki nógu góðum árangri og má kenna þar um hönnunarvinnu í byrjun. Heimilisreykskynjarar eru inn í öllum íbúðum til að auka öryggi fyrir fólkið þar sem oft hefur komið upp sú staða að kviknað hefur í út frá eldamennsku og hefur þá heimilisskynjarinn oftast verið á undan kerfinu að boða.

#### **Niðurstaða:**

Ef um eldsvoða yrði að ræða er gert ráð fyrir að kallað verði út almannavarnarstig og

koma þá fleiri björgunarliðar að en slökkviliðið. . Almennt ræður slökkvilið við bruna í byggingunni en þarf aðstoð vegna rýmingar heimilisfólks.

### **Hótel Ísafjörður.**

Byggingin er steinsteypt og er á fimm hæðum og byggt árið 1979. Þak er rislaga og klætt með báruðu stáli. Byggingin er ein brunastæða. Hurðir herbergja eru EI-S30 hurðir (án kaldþéttinga) og veggir A-EI60 og líklega EI90 veggir. Hurðir að neyðarstigagangi eru ekki sjálflokandi (flestar án reykþéttingar). Opið er frá eldhúsi að neyðarstiga (opin A-EI-C30 hurð). Frá tækjarými á 5. hæð er opið að þakrými.

Hótelið er með 32 tveggja manna herbergi á 2, 3 og 4 hæð. Á 1.hæð er mótaka eldhús og veitingasalur. Á 5 hæð er ráðstefnusalur. Öll eldamennska er orðið með gasi og eru gasbyrgðir utanhúss.

Hver hæð er eitt brunahólf. Í stigagangi og neyðarútgangi eru brunahanatengi fyrir slökkvilið til að tengja sig inn á. Brunaviðvörðunarkerfi er í öllu húsinu.

Rýmingaráætlun er í hverju herbergi Ekki hefur reynt á rýmingu.

### **Niðurstaða:**

Vandi getur skapast ef upp kemur eldur þar sem fátt starfsfólk er á nóttu til og getur orðið vandræði með að ríma húsið. Almannavarnarástand myndi skapast þar sem margir yrðu að koma að. Slökkviliðið ræður við bygginguna.

### **Hraðfrystihúsið Gunnvör Hnífsdal.**

Byggingin er ein brunasamstæða. Byggingin er steinsteypt að mestu og er á einni og tveimur hæðum. Byggingarnar eru byggðar að mestu á árunum 1952/73/77 og eru á um 3220m<sup>2</sup>. Þök eru rislaga og klædd með bárujárni. Á milli skrifstofu og umbúðageymslu (lofts) er steypur veggur (ekki upp í þak) með A-EI60 hurð. Frá kaffistofu er opinn stigi niður á neðri hæð.

Einnig er spjaldahurð í timburvegg (líklega EI60) að umbúðageymslu. Vélarsalurinn er innan steyptra veggja og A-EI-C60 hurð en opið með leiðslum. Kaffistofan er í norðausturhorni byggingarinnar. Gólfín eru úr timbri og eru styrkt með stálstoðum. Í loftinu eru límtrésbitar.

Loftið (þakið) er klætt með spónaplötum. Á hæðinni er lausfrystir með austurhlið Aðstaðan er aðskilin með vegg úr yleiningum frá umbúðageymslu. Vörulyfta er á milli hæð. Að vélarsal sem er með vesturhlið er steypur veggur. Einnig er opinn stigi (frá umbúðageymslu) niður á neðri hæð. Loftið (í vesturhlutanum) er með burð frá stálbitum (kraftsperrur) og er tekið niður og klætt með spónaplötum. Einangrun er glerull. Í suðurenda er skrifstofa. Opið er á milli skrifstofu og umbúðageymslum um þakrýmið. Á neðri hæð er frystiklefi í norðvesturhorni.

Einangrun er einangrunarplast. Þar er rafmagnslyftari hlaðinn á opnu svæði. Kæliklefi er undir aðstöðu skrifstofu. Frá tækjasal er hurðarop að vinnslu- og flökunarsal. Að vélarsal er A-EI60 hurð og þar er opið með lögnum. Burður þaks vélarsalar er frá stálbitum. Loft yfir austurhlutanum er úr timbri. Vinnslusalur, flökun og móttaka eru í byggingu á einni hæð.

Steyptir veggir eru á milli sala. Kyndiklefinn er innan A-RMEI60 veggja og er aðeins utangengur. Í loftinu er asbest. Í þeim hluta sem er á einni hæð er loft tekið niður og að sögn klædd með asbesti. Burður þaks er timbur eða stál.

Er einn stærsti vinnustaðurinn á Ísafirði .

Forvarnir í fyrirtækin hafa verið litlar og ekki mikið skoðað hættur sem stafa af íkveikju og brunahættum .

Húsnæðið er illa hólfað og á sínum tíma hefur verið byggt utan á aðrar byggingar og miklar breytingar gerðar á húsnæðinu.

Lítið hefur verið farið eftir ábendingum eldvarnareftirlit og Brunamálastofnunar.

Þó er vakning á þessu svið þar sem búið er að gera rýmingaráætlun á húsið og í vinnslu er áætlun er varðar eldsvoða í húsinu. Allt starfsfólk kemur til að fá eldvarnarfræðslu.

Eldvarnarkerfi er í húsinu og tengt vaktstöð.

### **Niðurstað:**

Ef um eld yrði að ræða er þetta eitt mesta eignartjón sem verður á Ísafirði og hætt við að atvinnulíf muni lamast að stórum hluta. Áhættan er það stór að slökkvilið yrði í vandræðum með að ná niðurlögum elds í húsinu ef hann hefur náð að krauma í einhvern tíma . Þess vegna er unnið að forvörnum til að fyrirbyggja þessa hættu sem getur skapast.

### **Menntaskólinn á Ísafirði.**

Menntaskólinn samanstendur að tveimur húsum tengdum með undirgangi. Annað húsið er kennsluhúsnæði og skrifstofur kennara. Á neðri hæð er samkomusalur og kennslustofur.

Hitt húsið samanstendur af mötuneyti, heimavist nemenda og íbúðir kennara.

Húsin er sæmilega vel hólfað og með eldvarnarkerfi í báðum húsum sem er vaktað af vistarverði. Heimavist og mötuneyti er notað sem sumarhótel á sumrin. Krafa hefur verið um að kerfi húsanna verði tengt viðurkenndri vaktastöð en hefur ekki verið farið eftir þeim óskum. Tengigangur er á milli bygginganna.

